

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald.

2. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið grunngjald vegna sorphirðu kr. 5.300, árgjald sem grundvallast á að vikulega sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili.

Gjald þetta sé innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum, öðrum en heimilum, sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins. Gjaldendum er skipt í flokka samkvæmt ákvörðun bæjarráðs miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki.

Flokkunin er sem hér segir:

A	kr.	5.300	urðað magn áætlað að	12 m ³	á ári
B	kr.	13.250	urðað magn áætlað að	12 - 48 m ³	á ári
C	kr.	31.800	urðað magn áætlað að	48 - 96 m ³	á ári
D	kr.	42.400	urðað magn áætlað að	96 m ³ og meira	á ári

Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem magn úrgangs fellur til tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Gjalddagi sorpeyðingargjalds er 1. nóvember. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.